

## 3. bekkur samfélagsgreinar

---

### Lýsing

Samfélagsgreinar samanstanda af sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði og trúarbragðafræði. Í lotunni er lögð áhersla á að efla skilning nemenda á umhverfi, menningu, auðlindum og sögu. Hæfniviðmið samfélagsgreina tengjast grunnþáttum menntunar og er skipt í þrjú flokka, þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim. Unnið verður eftir hæfniviðmiðum fyrir 1.-4. bekk í aðalnámskrá grunnskóla, 2013. Á grundvelli þeirra hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar.

### Markmið

Skólaárið 2020-2021

Umhverfi, samfélag, saga, menning:

- Hæfni nemanda til að skilja veruleikann.
- Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra,
- Nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar.
- Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa.
- Bent á dæmi um áhrif tækni.

### Námsefni

komdu og skoðaður landakort - vinna samhliða könnum kortin 1

Komdu og skoðaðu - Tæknina

### Kennsluaðferðir

- Unnið er samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis. Þemavinna með samþættingu við íslensku.
- Unnið í lotum í kring um hátíðir.
- Vettvangsferðir
- Söguaðferð
- Kortavinna,
- Umræðu- og spurnaraðferðir sem reyna á samræðu og gagnrýna hugsun,
- Einstaklings-, para- og hópavinna.
- Hlutverkaleikir, námsleikir og leikræn tjáning.

## Námsmat

- Símat
- Verkefnavinna

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

### Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

### Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- Velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni
- Aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum.
- Sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir.
- Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.

### Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Hugarheimur - Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.
- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.

### Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni.